MR MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

# Kennsluáætlun í Viðskiptafræði

Kennari: Ingvar freyr Ingvarsson
e-mail: ingvarfi@mr.is;

## *Markmið*

Markmið námskeiðsins er að nemendur fái yfirsýn yfir helstu viðfangsefni viðskiptafræðinnar og innsýn í ýmis lögmál efnahagslífsins. Áhersla er lögð bæði á fræðilegt inntak og hagnýtt gildi námsefnis og tengsl við ýmis efnahagsmál sem eru ofarlega á baugi á Íslandi og erlendis.

Markmið að nemendur geti lagt mat á upplýsingar um efnahagsmál, beitt gagnrýnni hugsun um þjóðfélagsmál og eigin fjármál.

Meginþema námskeiðsins er að nemendur nýti sér upplýsingatækni og netið við öflun upplýsinga og lausn verkefna.

Kynnt verður undirstöðuatriði í fjármálum einstaklinga, bókhalds, rekstar- og þjóðhagfræði. Sú þekking býr nemendur undir önnur námskeið sem og lífið sjálft.

## Fyrirkomulag kennslu

Kennt verður þrjár kennslustundir á viku

## Námsaðferðir

Fyrirlestrar kennara um einstök efni. Nemendur gera verkefni sem bæði geta verið hópverkefni og einstaklingsverkefni. Gestafyrirlesarar, stjórnendur úr íslensku atvinnulífi.

## Lestrarefni

Farsæl skref í fjármálum eftir Gunnar Baldvinsson, *Economics* eftir N. Gregory Mankiw og Mark P. Taylor og Bókfærsla eftir Tómas Bergsson.

## Námsmat

Námsmat byggir á símati. Þátttöku í tímum, þátttaka í umræðum og gestaheimsóknum, verkefni um fjármál einstaklinga. önnur greiningarverkefni og ástundun nemenda.

**Námsmat á haustönn**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkefni um fjármál einstaklinga (2) **(15%)** | Greiningarverkefni (1) **(15%)** | Verkefni í bókfærslu (2) **(40%)** | Virkni/Ástundun nemenda **(30%)** |

**Námsmat á vorönn**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkefni úr Economics (3) **(45%)** | Skyndipróf (1) **(20%)** | Greinaskrif (1) **(15%)** | Virkni/Ástundun nemenda **(20%)** |

# Haust 2024

| **Efni fyrirlestra** | **Helstu viðfangsefni** | **Lesefni:<br>Farsæl skref í fjármálum** |
|---|---|---|
| **Inngangur að fjármálafræðslu** | Inngangur og umfjöllun um mikilvægi fjármálafræðslu og þekkingar | Kafli 1 |
| **Verkfærakista fjármálanna** | Hugtök og reikniformúlur sem eru mikilvæg til að geta tekið upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir | Kafli 2 |
| **Sparnaður og fjárfestingar** | Helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga. Söguleg ávöxtun, áhættur og atriði sem þarf að líta til | Kafli 3 |
| **Lán og skuldir** | Upplýsingar um neytendalán og atriði sem gott er að þekkja áður en fólk tekur lán | Kafli 4 |
| **Stórar fjárhagslegar ákvarðanir** | Ákvarðanir sem flestir taka og geta haft veruleg fjárhagsleg áhrif. Hvers þarf að líta til og hvað þarf að hafa huga | Kafli 5 |
| **Farsæl skref** | Þróun tekna, eigna og skulda á ævinni. Nokkur aldurstengd og tímalaus ráð í fjármálum | Kafli 6 |

# Bókfærsla

Farið er yfir helstu undirstöður bókhalds. Verkefnin er unnin í Excel og innihalda verkefnin dagbókafærslur og prófjöfnuð úr kennsluefninu Bókfærsla eftir Tómas Bergsson. Þá er fjallað um efnahags- og rekstrarreikning og ýmis grunnhugtök í bókfærslu eins og eignir, skuldir, gjöld og tekjur.

## Vor 2025

| Efni fyrirlestra | Helstu viðfangsefni | Lesefni:<br>Kaflar í Economics |
|---|---|---|
| Inngangur að hagfræði | Hagfræði handa fólki, hagfræði sem vísindi<br>10 grunnreglur hagfræðinnar | Kafli 1 |
| Að hugsa eins og hagfræðingur | Normatívar og pósitívar spurningar<br>Flæðirit af hagkerfi<br>Jaðarframleiðslukúrvan | Kafli 2 |
| Framboð og eftirspurn | Samkeppni, eftirspurnarferill, framboðsferill. Verðteygni eftirspurnar, óteygin og teygin eftirspurn, heildartekjur og verðbreytingar. | Kafli 3 |
| Eftirspurn | Kenningar um val neytandans | Kafli 4 |
| Framboð | Fyrirtæki á samkeppnismarkaði. | Kafli 5 |
| Neytendur og framleiðendur | Neytendur, framleiðendur og hagkvæmni Markaða. | Kafli 6 |
| Stefnur stjórnvalda | Framboð, eftirspurn og stefnur stjórnvalda | Kafli 7 |
| Almannagæði og sameiginlegar auðlindir | Almannagæði og sameiginlegar auðlindir | Kafli 8 |
| Markaðsbrestur og ytri áhrif | Markaðsbrestur, jákvæð og neikvæð ytri áhrif | Kafli 9 |
| Einokun | Einkenni einokunar | Kafli 11 |
| Einkasölusamkeppni | Eiginleikar einkasölusamkeppni | Kafli 12 |
| Fákeppni | Einkenni fákeppni | Kafli 13 |
| Samkeppnishæfir markaðir | Opnir markaðir | Kafli 14 |
| Þjóðhagsreikningar | Landsframleiðsla | Kafli 20 |
| Hagvöxtur | Hagvöxtur skilgreindur<br>Framleiðni<br>Framleiðslufall<br>Mikilvægi sparnaðar og fjárfestingar | Kafli 21 |
| Sparnaður og fjárfesting | Hvað ræður sparnaði, vöxtum og fjárfestingu? | Kafli 23 |

| | | |
|---|---|---|
| **Peningar og Peningamálastefna** | Hlutverk peninga<br>Greiðsluhæfi (e. Liquidity)<br>Peningamagn í umferð<br>Hlutverk og stjórntæki Seðlabanka<br>Peningamargfaldarinn | Kafli 24 |
| **Hagfræði opinna hagkerfa** | Lánsfjármarkaðurinn, gjaldeyrismarkaður, jafnvægi í opnu hagkerfi, áhrif viðskiptastefnu, fjármagnsflótti | Kafli 25 |
| **Heildarframboð og heildareftirspurn** | Þættir sem hafa áhrif á heildareftirspurn og heildarframboð. | Kafli 28 |
| **Hagstjórn** | Áhrif stefnu í ríkisfjármálum og peningamálum á heildareftirspurn í hagkerfi | Kafli 29 |

*Kennari áskilur sér rétt til þess að breyta kennsluáætlunni eftir þörfum.*